

Fundargerð

Fimmtudaginn 29. október 2020 kl. 10:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.


Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 361 samþykkt.

2. Fundargögn

Afrit fundargagna eru rafrænt vistuð í skjalakerfi SRN.



3. Samkomulag um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2021-2025

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi um samkomulagið og fjallaði SÁS um helstu atriðin sem koma þar fram. Umræða var um hlutverk nefndarinnar í samkomulaginu en ýmsir snertifletir eru með atriðum sem nefnd eru í samkomulaginu og í störfum nefndarinnar.

Sérstaklega var rætt um mikilvægi þess að fá áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar frá sveitarfélögunum mun fyrr og oftar yfir árið. Nauðsynlegt er að efla upplýsingaveitu Hagstofunnar þannig að hægt sé að fylgjast betur með fjármálum sveitarfélaga innan árs. Skilin gætu annað hvort verið á ársfjórðungslegum fresti eða jafnvel á mánaðarfresti.

4. Yfirlýsing í tengslum við samkomulag ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál

Fjallað var um yfirlýsingu ríkisins en þar koma fram fjárhagslegar aðgerðir sem miða að því að styrka sveitarfélögin. Aðallega var rætt um aðkomu nefndarinnar vegna aðgerð C, þar sem veita á 500 m.kr. framlag árið 2020 til sveitarfélaga sem glíma við mestu fjárhagserfiðleika vegna covid-19. Ræða þarf við ráðuneytið um nákvæmari tilhögun á því hvernig samstarfið við eftirlitsnefndina verði hátað við úthlutun framlagsins.

Búið er að óska eftir að sveitarfélögin skili útkomuspá 2020 fyrir 1. nóvember, en mikilvægt er að þessar upplýsingar liggi fyrir til að meta stöðuna. GAG mun fylgja eftir skilum á útkomuspá og hafa samband við þau sveitarfélög sem ekki verða búin að skila þegar fresturinn rennur út. Ákveðið var að SÁS myndi óska eftir gögnum frá sveitarfélögunum um aukinn útgjöld sem hafa fallið til vegna covid-19.

Fundi lauk kl. 12:00

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 19. nóvember 2020.